



Flugslysaæfing Hornafjarðarflugvelli 5.-7. september 2019 Lokaskýrsla



Isavia

Lögreglustjórinn á Suðurlandi
Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Efnisyfirlit

1	Frá æfingastjórn	2
2	Markmið	3
3	Undirbúningur og framkvæmd.....	4
3.1	Æfingastjórn	5
3.2	Ráðgjafar	5
3.3	Þátttaka	5
3.4	Handrit æfingarinnar og vettvangur.....	5
3.5	Veður	6
3.6	Myndir frá æfingunni.....	6
4	Rýni.....	7
4.1	Rýnifundur	7
4.2	Vettvangsrýni ráðgjafa	9
4.2.1	Samhæfingarstöð	9
4.2.2	Aðgerðastjórn.....	10
4.2.3	Vettvangsstjórn	10
4.2.4	Björgunarstjóri.....	11
4.2.5	Aðhlyningarstjóri	12
4.2.6	Fjöldahjálp	13
4.2.7	Flutningsstjóri	13
4.2.8	Gæslustjóri.....	14
4.2.9	Leikarar og förðun	14
4.3	Rafræn rýni fyrir þátttakendur æfingar.....	16
4.3.1	Það sem vel var gert	17
4.3.2	Það sem betur hefði mátt fara	19
4.3.3	Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram að lokum?	21

1 Frá æfingastjórn

Það að undirbúa og framkvæma æfingu með Hornfirðingum hefur verið mjög fróðlegt og gefandi. Mikill áhugi og eldmóður heimamanna og lögregluembættisins gerðu það að verkum að allur undirbúningur var auðveldari, heimamenn voru duglegir að tjá óskir sínar, aukin fræðsla var fyrir viðbragðsaðila og nýir vinklar æfðir til að áætla þanþol HSU Hornafirði auk þess sem fjöldahjálparstöð var sett upp. Rúmlega 110 manns komu að æfingunni með einum eða öðrum hætti, lögregla, slökkvilið, björgunarsveitir, Rauði krossinn, Slysavarnadeildin Framtíð, Rannsóknarnefnd samgönguslysa og starfsmenn flugvallarins auk þeirra rúmlega 40 sem léku hlutverk slasaðra á æfingunni. Það er auðséð að viðbragðsaðilar á svæðinu eru vanir að vinna saman og mikil samstaða er um að gera vel í þessum málum. Þó mikið mæði oft á þessu svæði þá standa aðilar þétt saman enda sýndi það sig á æfingunni þegar bísllys varð í umdæminu og gera þurfti hlé á æfingunni, hvað umskiptin voru hröð og aðilar strax komnir af stað til að sinna því verkefni. Heppilega fór það vel og fljótlega í kjölfarið var leit að konu sem hafði villst í þoku sem sýnir vel þann raunveruleika sem svæðið glímir við.

Æfingastjórn þakkar fyrir sig og telur dýrmætt að koma á svæði þar sem hópslysaviðbragð er vel æft og reynsla úr raunatvikum byggir undir frekari eða öllu heldur ítarlegri þjálfun þar sem æfa má nýja fleti, lengra komna í ferlinu en fyrstu tíma aðgerða.

30.09.2019

F.h. æfingastjórnar

Elva Tryggvadóttir, verkefnastjóri neyðarviðbúnaðar hjá Isavia

Æfingastjóri

2 Markmið

Markmið flugslysaæfinga er að tryggja skipulögð viðbrögð við flugslysum á eða við flugvöll og auka færni og samvinnu viðbragðsaðila í samræmi við flugslysaáætlun viðkomandi flugvallar.

Undirmarkmið eru sett fyrir hverja æfingu út frá reynslu fyrri æfinga á svæðinu og tillögum ráðgjafahóps.

Flugslysaæfingar eru haldnar vegna alþjóðlegra krafna og íslenskra laga um slíkar æfingar og samkomulags viðbragðsaðila um að halda slíkar æfingar á almannavarnastigi.

Markmið æfingarinnar á Hornafirði var að æfa flugslysaáætlun fyrir Hornafjarðarflugvöll, samvinnu milli viðbragðsaðila og kanna þol á Heilbrigðisstofnun HSU Hornafirði fyrir nokkurn fjölda sjúklinga sem þarf að sinna fram að flutning á aðrar heilbrigðisstofnanir.

3 Undirbúningur og framkvæmd

Undirbúningur hófst í ágúst þegar að flestir tengiliðir voru komnir úr sumarleyfum.

Eftirfarandi dagskrá var höfð að leiðarljósi.



Dagskrá Höfn 2019

Dagskrá Höfn 2019

Þriðjudagur 27. ágúst

20:00 Hópslysakvöld fyrir viðbragðsaðila, Björgunarsveitarhús Höfn Umsj. Elín Freyja.

Miðvikudagur 28. ágúst

18:00 Fræðslukvöld fyrir AST Selfossi, Björgunarmiðstöðinni. Umsj. Rognvaldur AVD. Verkaskipting SÁBF og á milli SST, AST og VST. Verkpáttastjórar og boðleiðir þeirra samkvæmt fjarskiptaáætlun.

Fimmtudagur 5. september

10:00 Boðunarprófun – Allir á boðunarlista 112 vegna flugslyss á Hornafjarðarflugvelli. Ef þú færð ekki boð láttu talsmann þíns viðbragðshóps eða ráðgjafa vita til lagfæringar.

10:45/11:40 ERNIR: RVK-HÖFN, flestir ráðgjafar koma á Höfn.

12:00 Stöðufundur ráðgjafa – Flugvöllur Allir sinna sínum einingum, fræðsla, ráðgjöf Uppsetning vettvangs

19:30-22:00 Setning æfingar – Nýheimar - Allir þátttakendur

Dagskrá:

- Setning
- Tilgangur flugslysaæfinga
- Flugslysaáætlun fyrir Hornafjörð og endurbætur
- Almenn um skipulag í hópslysum (SÁBF)
 - Hverjir eru hvar og helstu hlutverk
 - SST, AST, VST
- Flæði slasaðra, frá slystað að sjúkrahúsi
- Rannsókn flugslysa og verndun gagna
- Kynning á verkefnum Rauða krossins m.a. á nýjum viðbragðshóp
- Praktísk atriði í tengslum við æfinguna
 - Gangur æfingar
 - Akstur á svæði
 - Vettvangur
 - Leikarar
 - Alvara – Alvara – Alvara
- Almenn um fjarskipti, fjarskiptaáætlun, gáttun

Föstudagur 6. september

10:30 Stöðufundur ráðgjafa - Flugvöllur Allir sinna sínum einingum, fræðsla, ráðgjöf Uppsetning vettvangs

11:00-12:30 Rannsóknarnefnd samgönguslysa með lögreglu. Umsj. Þorkell RNSA.

15:00-17:00 Skrifborðsæfing – Björgunarsveitarhús – Stjórnendur og verkpáttastjórar Þeir sem taka þátt; aðgerðastjórn*, vettvangsstjórn og verkpáttastjórar. Aðrir áhugasamir geta fylgst með æfingunni. Allir taki með tetrastöðvar og handfrjalsan búnað. *Aðgerðastjórn er staðsett Selfossi.

19:00-20:00 Rannsóknarnefnd samgönguslysa með Slökkviliði. Umsj. Þorkell RNSA.

20:00 Flugslysavettvangur og flugvélaeldur fyrir Slökkvilið. Umsj. Davíð Isavia.

20:00 Fundur fyrir leikara / þolendur – Björgunarsveitarhús

Laugardagur 7. september

08:00 Föðun leikara – Heppuskóli

10:00 Flugslysaæfing hefst – Allir þátttakendur Að lokinni æfingu ganga starfseiningar frá búnaði og stjórnendur/verkpáttastjórar taka saman punkta fyrir rýnifund.

Samhliða eða að lokinn æfingu mun RKÍ æfa nýjan viðbragðshóp.

15:00 Rýnifundur og matur fyrir alla þátttakendur - Nýheimar (Athugið er fyrr ef æfingu er lokið fyrr).

- | | |
|-----------------------------|------------------|
| 1. Almenn um/stóra myndin | Æfingastjóri |
| 2. Aðgerðastjórn | Aðgerðastjóri |
| 3. Vettvangsstjórn | Vettvangsstjóri |
| 4. Leit og björgun | Björgunarsjóri |
| 5. Söfnunarsvæði slasaðra | Aðhlýningarsjóri |
| 6. Lokanir/umferð/training | Gæslustjóri |
| 7. Móttaka og flutningur | Flutningastjóri |
| 8. Aðstandendur/fjöldahjálp | Rauði krossinn |
| 9. Umsögn ráðgjafa | Ráðgjafar |
| 10. Umræður | Orðið laust |
| 11. Næstu skref | Isavia |
| 12. Æfingu slitið | |

Dagskráin stóðst að flestu leiti en æfingarstjóra láðist þó að gera boðunarprófunina á fimmtudeginum kl. 10 og var hún því aðeins seinna á ferðinni þann daginn eftir vel þegna ábendingu um að hún hefði ekki borist.

Fjölbreytt fræðsla var í boði fyrir hópinn:

- Hópslysakvöld var haldið á Höfn.
- Rannsóknarnefnd samgönguslysa hitti lögreglu og síðar slökkvilið á sér fundum.
- Fræðsla um atriði sem lúta að flugslysaæfingum og flugslysum.
- Flugslysavettvangi og flugvélaeldar voru kynntar slökkviliði staðarins.
- Uppsetning fjöldahjálparstöðvar og sálrænn stuðningur.

3.1 Æfingastjórn

Æfingastjórn er skipuð fulltrúum frá lögregluþvöllum á svæðinu, fulltrúum almannavarna ríkisins og Isavia.

Æfingastjóri	Elva Tryggvadóttir Isavia
Æfingastjórn	Björn Ingi Jónsson, Almannavarnir Suðurlands / Lögreglan
Æfingastjórn	Friðfinnur Fr. Guðmundsson Isavia
Æfingastjórn	Friðjón Viðar Pálmason Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

3.2 Ráðgjafar

Ráðgjafar koma víða að og eru bæði tengiliðir við ýmsar viðbragðsaðila, stofnanir, félagasamtök og fyrirtæki sem hafa hlutverk í áætluninni. Þeir aðstoða við undirbúning og fylgjast með einstaka þáttum æfingarinnar og skila umsögnum um hvernig til tókst.

Ráðgjafi	Grétar Karlsson Isavia (vettvangur)
Ráðgjafi	Aðalbjörn Tryggvason Isavia (vettvangur)
Ráðgjafi	Björgvin R. Þorvaldsson Isavia (gestaumsjón)
Ráðgjafi	Davíð A. Friðriksson Isavia (vettvangur)
Ráðgjafi	Hólmgeir Þorsteinsson (vettvangur)
Ráðgjafi	Guðrún Lísbet Níelsdóttir LSH
Ráðgjafi	Sigrún Guðný Pétursdóttir LSH
Ráðgjafi	Aðalheiður Jónsdóttir Rauði Kross Íslands
Ráðgjafi	Jón Garðar Bjarnason lögreglan (tengiliður heimamanna)
Ráðgjafi	Þorkell Ágústsson RNSA
Ráðgjafi	Vigdís Björk Agnarsdóttir Umsjón leikara og förðun
Ráðgjafi	Guðbrandur Ö. Arnarsson Slysavarnafélagið Landsbjörg
Ráðgjafi	Anna Filbert Landstjórn björgunarsveita (SL)

3.3 Þátttaka


Heildarfjöldi þátttakenda á æfingunni var um 150 manns.

3.4 Handrit æfingarinnar og vettvangur

FLO911 á leið til Hafnar í Hornafirði frá Reykjavíkflugvelli hefur samband við turn á Hornafjarðarflugvelli um kl. 10 og tilkynnir MAYDAY vegna alvarlegrar vökvabilunar í vélinni, ca. 10 mín fyrir landingu á flugvöllinum.

Dornier 328 frá flugfélaginu FlyNoMore í leiguflugi á höfn með 43 farþega um borð brotlendir á braut 36 eldar loga. 7000l af eldsneyti eru um borð.

Flugvélin brotlendir síðan á braut 18-36.



3.5 Veður

Gul viðvörðun var víða á landinu á laugardeginum og æfingastjórn því undirbúin undir vætusaman dag.

Spáin gekk þó ekki eftir fyrr en seinni partinn með úrhellisrigningu langt fram á kvöld en smáúði um daginn truflaði ekki æfinguna.

3.6 Myndir frá æfingunni

Myndir frá æfingunni voru settar á Facebook síður Flugslysaæfinga og má nálgast þær hér;

https://www.facebook.com/pg/flugslysaefingar/photos/?tab=album&album_id=558579838309017


4 Rýni

Rýni er einn af mikilvægu þáttum í kjölfar æfinga.

Rýniferlið er framkvæmt á þrennan hátt, en með þeim hætti koma fleiri að rýni æfingarinnar og fjölbreyttari sjónarmið koma fram;

1. Vettvangsrýni ráðgjafa.
2. Stuttur samantektarfundur er að lokinni æfingu.
3. Öllum þátttakendum er boðið að rýna aðgerðina rafrænt.

Mikilvægt er að hver og einn aðili og viðbragðsaðilar saman taki á þeim rýnipunktum sem fram hafa komið og er það undir hverjum og einum að gera slíkt.



4.1 Rýnifundur

Þátttakendur æfingarinnar komu saman að lokinni æfingu í Nýheimum og fengu góða og matmikla kjötsúpu frá slysavarnadeildinni Framtíð.

Punktar frá fundi að lokinni æfingu í Nýheimum

- Elva Tr. opnar fundinn. Hrósar fyrir góða þátttöku í æfingu og á dagskrá æfingarinnar.
- Mikilvægt að losa bjargir þegar verkefnum er lokið.
- Allir vanir að vinna saman.
- **Ásgeir Isavia.** Komst ekki að í fjarskiptum til að lýsa vettvangnum. Einbeitti sér að ákveðnum eldi. Kláraði slökkviefnið á bílnum, fékk aðstoð frá slökkviliði. Fór þegar á leið í turn, það er mikilvægt að fara tímanlega til baka.
- **Björgunarstjórinn.** Þegar þeir koma var Isavia að slökkva á ákveðnum stað. Vettvangurinn krefjandi, nokkuð dreifður, byrjuðu á vestasta eldinum. Fjarskiptamálin þarf að laga mjög mikið, vantar fleiri stöðvar. Aðstoðarmaður björgunarstjóra fór í stjórnun eystri vettvangs. Hér er æft mikið saman en björgunarsveitin fór að sinna slösuðum við plóginn. Ekki auðvelt að hafa yfirsýn. Gekk vel að mörgu leiti. Vantaði á tímabili bílstjóra á björgunarsveitarbíla. Gekk heilt yfir mjög vel.

- **ARFF hópur**, mátt vera færri í austur eldi og sinna frekar slösuðum á ákveðnum tímapunkti. Vinnan gekk vel eftir að austur eldurinn var slökktur. Röra vettvangur var vel leystur. Farið var í klippivinnu í framhaldi af því. Aðeins að huga að vinnuáðstöðu við klippivinnu.
- **Gæslustjóri**, gekk vel voru á Blár 8-0 alla æfinguna. Kom stopp í málin á ákveðnum tímapunkti. Talning gekk vel upp. Sett gæsla við slysstað. Keilur voru settar upp í staðinn fyrir menn á YL (hefðu í raunveruleikanum sett fólk þar). Umferðaspjöld voru sett upp og umferðaskipulagi komið á. Gæsla á heilsugæslu og skráning sett upp. Voru ánægð og fannst ganga vel.
- **Vettvangsstjóri**, í heildina stoltur af björgunarfólki, gekk vel. Afslappaðir og gengið hreint til verks. Breytingin frá síðustu æfingu er að nú er ekki heima AST, samskiptin gengu ágætlega en stundum kom upp að það vantaði þekkingu á grunnskipulagi. Fjarskipti, ákveðið að fara á vinnurás björgunarstjóra Blár 8-1 á SLY eftir það gekk vel. Heyrðist ekki alltaf vel í aðhlyningarstjóra. VST missti stundum yfirsýn því upplýsingar voru ekki að berast. Að öðru leiti gekk vel. Allt í einu datt allt í dúna logn og æfingu lauk.
- **Ráðgjafi gæslu og VST**, spurning um að loka hurð á hlað þegar allir slasaðir eru komnir og nota mannskap í annað, aftur á móti var gott að geta verið með hurðina opna og þá þarf klárlega gæslu á hurðina.
- **Aðhlyningarstjóri** byrjaði með eina talstöð. Passa að aðstoðarmaður sé með talstöð í eyrað það er svo mikill hávaði að það náðist ekki samband. Fannst ekki passa þegar VST var að óska eftir upplýsingum fyrir AST sem voru upplýsingar sem AST áttu að vera með. Hefði átt að setja upp tveggja manna teymi í áverkamatinu. Samskiptamál með flutninganna, þegar ákveðið hafði verið að setja í þyrilu var sett í sjúkrabíl, hefði mátt vera skýrara. Hefði vilja fá meldingu frá SST um bjargir sem komið voru á staðinn. Klofið handrit skapaði krefjandi aðstæður. Með hurðina, þá mátti vera minni flæði um hurðina út á hlað þegar farþegar væri komnir inn á SSS.
- Fullt af fólki fór upp á heilsugæslu, gekk vel en þurfti að klára snemma vegna alvöru slyss.
- Elva hefðum ekki prófað annars staðar að kljúfa handritið með þessum hætti á öðrum stöðum.
- Guðrún, vorum að prófa tvistið í fyrsta skiptið en þetta gekk vel í heildina.
- Heilsugæslu hlutinn gekk vel umhverfið betra með það varðar að vilja drífa fólk þangað. Betra flæði á allri vinnu þar. Heilsugæslan vann eins og SSS, gert áverkamat og fólk fært í herbergi. Samskipti og fjarskipti gengu vel. Gekk vel að koma fólki út þegar alvara.
- **Forstjóri HSU Hornafirði**, saknaði þess að fá tölur úr bráðaflokkun af slysstað. Fannst ógnvekjandi að slasaðir væru að hlaupa um en fólk var ekki safnað saman, af hverju var ekki sendur strax sjúkrabíll til að ná utan um þetta fólk. Eftir smá tíma var allt komið í flott ferli á SLY. Hefði viljað nánar um þá sem voru að koma. Var gert svo þarna er einhver misskilningur. Smurð vél sem gekk vel.
- Elva, sáum ekki merkingar svæða á SSS. Hefði mátt setja upp merkingar. Þarf að skoða.
- Elín Freyja bjóst við að við kæmum með áverkamatið en það væri ekki gert á SSS. Smá misskilningur við æfingastjórn.
- **Flutningastjóri** (Anna) þar sem flutningsstjóri var í útkalli. Björgunarsveitarbílar ekki notaðir í flutning, ekki á SLY og ekki af SSS. Fjarskipti öguð og róleg, greinilega góð samvinna. Ekki mikið álag framan af og ekki mikið um að fólk væri að hanga þangað til í fasabreytingunni. Varðandi hurðina, það má ekki alveg loka henni þar sem við ætlum að fara með fólk út í loftför út um þessa hurð.

- **Denni, RNSA og AST.** Frábær hópur. Maður sér þegar æfingin er farin af stað þá fór hún að ganga smurðar. Frá AST-bráðaflokkun óljós mismunandi tölur, það er verið að logga hér og í AST á það að vera þannig. Form fyrir stöðuyfirlit. Muna að fara eftir fjarskiptaplani. Skipting skörun á verkefnum flutningsstjóra og aðhlyningarstjóra.
- **RNSA,** aðgangur að vettvangi var ekki hleypt á vettvang strax. Hafa óheftan aðgang að vettvangnum. Björgun var hafin og þeir hefðu átt að fara inn. Gleymdist að sinna flugmönnum, ánægðir með þegar svartu kassinn fannst.
- **SST,** sáttt við sitt. AST-SST mátti vera betra flæði með ákvarðanir sem teknar voru í AST. Samvinna gekk þó vel. VST með vangaveltur um loftbrú. Upplýsingar sem fara um Blár 8-5 er lítið dreift innan AST og SST og eru spurt um frá AST en AST ætti að vera með. Vantaði klárlega betra flæði upplýsinga milli AST og VST.
- **RKÍ,** gekk vel að opna bæði SSS og FH, smá þælingar inn á SSS með aðgengi inn á græna svæði. Flugmaður á græða svæði var ekki tekin afsíðis. Grænir aðeins á flandri. Uppá fjöldahjálparstöð kom aðili inn sem þurfti frekari aðstoð það var smá aukaæfing. Útskráning á grænum tafðist líklega vegna fasaskipta í æfingunni.
- Heilbrigðisstarfsfólkið sagði mikilvægt að fá RKÍ fólkið inn, mikill fjársjóður sem við verðum að nýta. Eins með slysavarnadeildina sem mætti á heilsugæsluna, mikill auður þar.
- Elín Freyja það þarf ekki bara sérfræðinga inn á SSS, heldur einnig þetta mannlega, það er mjög mikilvægt að fá þessa almennu aðstoð inn á t.d. SSS.
- Hvernig kom bráðaflokkunin út og raunin. Ekki búið að taka saman en virðist allt hafa gengið vel.
- Bráðaflokkun HSU. Kom þarna einhver alvara með sjúkling sem var hræddur. Það var vel tekið á því.
- Jákvæð upplifun leikara sem er jákvætt.
- Björn Ingi verk að vinna í samskiptum AST og VST. Slítur æfingunni.

4.2 Vettvangsrýni ráðgjafa

Allir verkþáttastjórar ásamt vettvangsstjórn höfðu sinn ráðgjafa sér til halds og traust. Ráðgjafar voru staðsettir á öllum stjórnunarpóstum æfingarinnar. SST, AST, VST og hjá verkþáttastjórum.

Ráðgjafar meta ákveðna þætti út frá verkefnum aðila, hvort að verkefnum sé sinnt eða ákveðnum markmiðum náð. Metið er á skalanum 1-5 þar sem 1 þýðir að verkefni var ekki sinnt, kröfum ekki náð eða markmiðum ekki náð.

4.2.1 Samhæfingarstöð

ÁGG; SST gaf fyrirmæli um að tilteknir sjúklingar skyldu fluttir til Reykjavíkur með fyrstu þyrlu á vettvang. Aðrir sjúklingar voru settir í þyrluna án þess að SST væri tilkynnt um það. Þetta skapaði rugling en flokkast sennilega sem truflanir æfingalegs eðlis.

Annað; Æfingu var ekki lokið með eins skipulögðum hætti og venja er vegna alvöru atviks við Hornafjarðarfljót.

Verkþáttur	Markmiðum náð 1-5 þar sem 5 er öllum markmiðum náð.
Var notað SÁBF við verkaskiptingu	5
Fengu allir viðeigandi hlutverk (var skipað í stöður)	4
Náði SST tímanlega yfirsýn yfir atburðinn	4
Náði SST tímanlega yfirsýn yfir þarfir, aðföng og bjargir	5
Gat SST aflað sér nægjanlegra upplýsinga um ástand og umfang atburðar	4
Gat SST gefið AST greinargóða lýsingu á lausum utanaðkomandi björgum	4
Lagði SST mat á ástandið með tilliti til hvort frekari aðstoðar væri þörf	5
Var aðgerðastjóri fljótur að taka stjórn	5
Gaf aðgerðastjóri greinargóð fyrirmæli	5
Náði aðgerðastjóri að hafa yfirsýn	5
Var miðlun upplýsinga með eðlilegum hætti innan SST	5
Voru haldnir stöðufundir	5
Voru verkþættir og undirverkþættir mannaðir með tilliti til umfangs aðgerðarinnar	5
Voru sett markmið	4
Var hugað að aðgerðalotum	1
Var skráð á viðeigandi þátt í aðgerðagrunn	5
Var mönnun SST með viðeigandi hætti, með tilliti til verkþátta, símsvörunar og skráningar	4
Var aðbúnaður SST með viðeigandi hætti	5
Var loftbrú/sjúkraflutningar úr umdæmi skipulagður með viðeigandi hætti	5
Voru aðgerðalok skipulögð með viðeigandi hætti	5
Voru samskipti við SST með viðeigandi hætti	3
Voru fjölmiðlum gefnar upplýsingar með viðeigandi hætti	4
Var þekking og færni fulltrúa í SST með viðeigandi hætti	5

4.2.2 Aðgerðastjórn

Ekki barst rýni fyrir aðgerðastjórn.

4.2.3 Vettvangsstjórn

FVP.

Verkþáttur	Markmiðum náð 1-5 þar sem 5 er öllum markmiðum náð.
Var yfirsýn yfir atburð náð á viðeigandi tíma	5
Náði vettvangsstjóri sér í viðeigandi upplýsingar til að meta umfang verkefnis	5
Gaf VST, AST greinargóða og tímanlega stöðu mála	4
Var SÁBF notað með viðeigandi hætti í VST	4
Var skipt í stöður í VST	5
Voru fyrirmæli vettvangsstjóra skilmerkileg	5
Varð aðbúnaður og aðföng með viðeigandi hætti í VST	4
Var VST staðsett á viðeigandi stað	4
Var samræming verkþáttastjóra með viðeigandi hætti	4
Var viðeigandi stjórnunarspönn viðhaldið	5
Voru viðeigandi verkþættir virkjaðir	3
Var í gert áhættumat eða athygli vakin á aðsteðjandi hættum	3

Var aðgerðagrunnur notaður á réttan hátt	5
Var aðgerðaskráning með viðeigandi hætti	5
Var hugað að markmiðssetningu í áætlanagerð	4
Voru settar niður aðgerðalotur	3
Var hörfun skipulögð með viðeigandi hætti	3

4.2.4 Björgunarstjóri

GK; Björgunarstjórinn fór í upphafi töluvert inn í vettvanginn og hafði þá ekki góða yfirsýn yfir hann. Þegar fór að líða á verkefnið bakkaði björgunarstjórinn út úr vettvangnum og hafði þá góða yfirsýn. Mjög góð og mikil samvinna var á milli björgunarstjóra og aðstoðarmanni hans allan tímann. Björgunarstjórinn hafði ekkert meðferðis til að skrá niður minnisþunkta eða rissa upp vettvangsmynd. BIJ; Hann var ekki sérstaklega merktur og því ekki gott að átta sig á hver var björgunarstjóri. Annað; Góð og krefjandi æfing og heilt yfir gekk allt mjög vel. aðeins þarf að fínþússa einhverja agnúa. Þar er ég sérstaklega að horfa til samskipta á milli VST, AST og SST verkaskiptingu.

Verkbáttur - Slökkvilið	Markmiðum náð 1-5 þar sem 5 er öllum markmiðum náð.
Náði björgunarstjóri tímanlegri yfirsýn yfir atburð	4-3
Náði björgunarstjóri sér í nægar upplýsingar til að meta umfang og stærð atburðar	4-3
Var björgunarstjóri meðvitaður um aðsteðjandi hættur	4-2
Var vettvangur tryggður á viðeigandi tíma	5-2
Voru fyrirmæli björgunarstjóra skýr og skilmerkileg	5-2
Gekk björgunarstjóra vel að samþætta starf mismunandi bjarga á vettvangi	5-3
Var tekið á móti hópum og þeir settir í verkefni	5-2
Var staðsetning björgunarstjóra viðunandi	3-4
Var yfirsýn björgunarstjóra viðeigandi	4-3
Var gætt að verndun vettvangs og rannsóknarhagsmuna á viðeigandi hátt	5-2
Var viðeigandi upplýsingum komið til VST um umfang og aðstæður á vettvangi	5-4
Voru samskipti við aðra verkþáttastjóra með viðeigandi hætti	5-3
Unnu stjórnendur Isavia og slökkviliðs vel saman	2-4
Var gerður vettvangsuppráttur af vettvangi	1-1
Var framkvæmd leit	5-4

HÞ; Rýni vegna klippuvettvangs í skurði. Annað, flott vinna hjá greiningarsveit og slökkviliði.

AT; Rýni vegna rörs og moksturstækis; starfsmenn slökkviliðs Hornafjarðar voru hugmyndaríkir við lausn þessa verkefnis.

DAF; Ekki allir í sama verkið, mættu hjálpa fyrr slösuðum. Gleymdu að setja öndunarbúnað á sig en var bent á það og lagað. Fyrsti bill of langt frá og sama með hina, of mikið labb. Annars flott hjá þeim og rörið glæsilega leyst.

Verkbáttur – Slökkvilið/Flugvallarþjónusta	Markmiðum náð 1-5 þar sem 5 er öllum markmiðum náð.
Sýndi færni á monitor	x-x-3
Staðsetning tækja var í samræmi við vettvang	3-5-3

Öryggis var gætt í samræmi við vettvang	4-5-5
Staðsetning ökutækja var í samræmi við vindátt	5-5-5
Var sýnilegur	5-5-5
Var öndunarbúnaður notaður á viðeigandi hátt	3-x-4
Var hugað að eigin öryggi	3-5-4
Var hugað að öryggi farþega	5-4-5
Var gætt að rannsóknarhagsmunum	5-5-5
Tóku flugvallarstarfsmenn þátt í björgunarstarfi	5-5-x
Var handlínunum beitt á viðeigandi hátt	x-x-5
Var slösuðum veitt viðeigandi aðhlyning	4-4-4

4.2.5 Aðhlyningarstjóri

SGP; Að okkar hálfu (ráðgjafar LSH) voru það mistök að vera ekki búnar að hitta aðhlyningarstjóra fyrir æfinguna (hún var ekki komin á föstudag) og fara yfir hvernig framkvæmd æfingarinnar yrði þar sem við vorum ekki á sömu blaðsíðu.

Heilsugæsla: prufukeyrt skipulag þar við að taka á móti sjúklingum. Almennt flott hugsun á skipulagi og nýtingu á húsnæði. Fyrir utan að komendur hefði stjórnun mátt vera skýrari. Yfirsýn yfir sjúklinga mátt vera frammi og inni þ.e. meira áberandi fyrir björgunaraðila (sem e.t.v. væru að koma að aðstoða). Gott hefði verið að fá fyrr fleiri í móttökuna þ.e. áverkamatið (ekki vera einn að gera áverkamat heldur 2-3 saman). Samskipti við SST á þessu tímapunkti hefði mátt vera nákvæmari þ.e. eftir áverkamat er þetta rauðir-gulir og nákvæmari lýsing á áverkum + almennar upplýsingar um stöðu þ.e. vantar einhverjar bjargir/birgðir eða fólk. Eftirfarandi mat á við á Heilsugæslunni.

Verkþáttur	Markmiðum náð 1-5 þar sem 5 er öllum markmiðum náð.
Tók eðlilegan tíma fyrir aðhlyningarstjóra að ná yfirsýn yfir atburð og ástand í SSS	3
Gaf aðhlyningarstjóri greinargóða lýsingu á ástandinu til HSB, HVE, AST, SST, VST	3
Voru nægar bjargir við uppsetningu á SSS	5
Gaf aðhlyningarstjóri skýr fyrirmæli varðandi vinnu á SSS	4
Var aðbúnaður viðeigandi á SSS	5
Var viðeigandi skipulagi komið á í SSS	5
Var aðhlyningarstjóri með góða yfirsýn á SSS	3
Voru aðstoðarmenn skipaðir eftir þörfum	5
Var áverkamat mannað/virkjað í samræmi við umfang og eðli atburðar	4
Var rautt svæði mannað/virkjað í samræmi við umfang og eðli atburðar	5
Var gult svæði mannað/virkjað í samræmi við umfang og eðli atburðar	5
Var grænt svæði mannað/virkjað í samræmi við umfang og eðli atburðar	5
Var ástand mála metið reglulega	5
Voru nauðsynleg aðföng/bjargir tryggð tímanlega	4
Var SSS eðlilega mannað	5
Voru samskipti við starfslið SSS næg og skilvirk	5
Var aðhlyningarstjóra kunnugt um skipulag fjarskipta	5
Var upplýsingamiðlun frá SSS skilvirk	3

4.2.6 Fjöldahjálpar

AJ; Það er frekar erfitt að meta nákvæmlega hvernig til tókst þar sem langur tími leið þar til fólk var flutt í fjöldahjálparstöð og æfing endaði mjög fljótlega eftir að fólk kom á staðinn (vegna bílslys í umdæminu). Þeir sem voru sendir á SSS stóðu sig mjög vel og sinntu störfum sínum vel þar. Erfiðlega gekk að komast inn í aðgerðina inn á aðgerðagrundi og er það klárlega atriði sem RK mun æfa betur.

Annað; Æfing gekk ljómandi vel en það hefði verið gaman að geta æft betur fjöldahjálparstöðina og sjálfboðaliðana þar.

Verkbáttur	Markmiðum náð 1-5 þar sem 5 er öllum markmiðum náð.
Hversu langan tíma tók fjöldahjálparstjóra að fá yfirsýn yfir verkefnið	4
Fékk fjöldahjálparstjórinn nægar upplýsingar til að meta stærð og umfang slyssins	3
Var fjöldahjálparstjórinn með góða yfirsýn yfir starfsemi FH	5
Var verkstjórn fjöldahjálparstjórans viðunandi þannig að allt hjálparlið fengi verkefni við hæfi	4
Var hjálparlið í FH nægilega fjölmennt	5
Voru samskipti fjöldahjálparstjórans við aðgerðastjórn næg og skilvirk	3
Voru samskipti fjöldahjálparstjórans við helstu samstarfsaðila nægileg, kirkjuna, samráðshóp áfallahjálpar, kvenfélag o.s.frv.)	4
Var fjarskiptabúnaður og uppsett skipulag fjarskipta að virka	3
Voru merkingar fjöldahjálparstöðvarinnar fullnægjandi	5
Virkaði skráningin vel	5
Var aðhlyning þolenda nægileg	4
Hafði fjöldahjálparstjóri fengið nægilega kennslu og þjálfun til að takast á við verkefnið	4
Hafði annað hjálparlið fengið nægilega kennslu og þjálfun í hlutverkum sínum	4

4.2.7 Flutningsstjóri

AF; Ekki var þörf á að virkja biðsvæði. Flutningsstjóri gerði sér grein fyrir að flutningstæki voru ekki nýtt sem skildi á SLY og kom með ábendingar til björgunarstjóra. Hins vegar var ekki brugðist við því (hugsanleg einhver skýring). Mögulega hefði flutningsstjóri átt að færa sig nær SLY en það var ill framkvæmanlegt. Annar kostur hefði verið að skipa aðstoðarmann á SLY, en það var ekki reynt. Samvinna við gæslustjóra var mjög góð.

Þegar skipt var um fasa og flutningar hófust af SSS, birtust óvænt "sjálfskipaðir millistjórnendur" og áherslur urðu aðrar. Flutningsstjóri missti því yfirsýn yfir MÓT. Aðeins hluti af því má skrifa sem "æfingalegs eðlis".

Annað; Nokkuð þröng aðstaða fyrir skrifborðsæfinguna. Hefði líklega verið betra að færa VST í annað rými. Greinilegt að mæting á skrifborðsæfingu skilar sér í betri vinnubrögðum og meira öryggi á æfingunni sjálfri. Mögulega mætti í fræðslufni benda á að þótt MÓT sé fyrirfram skipulagt, þarf að vera sveigjanleiki til þess að færa það. Þarna var reykur á tímabili of mikill og hefði þurft grímur fyrir gæslu- og flutningsstjóra. Ekki var kallað eftir vörnum - spurning hvort einhverjar grímur hafi verið á staðnum?

Ánægjuleg þátttaka og áhugi hjá viðbragðsaðilum.

Verkpáttur	Markmiðum náð 1-5 þar sem 5 er öllum markmiðum náð.
Tók eðlilegan tíma fyrir flutningsstjóra að ná yfirsýn yfir atburð og ástand mála	5
Var flutningstjóri meðvitaður um hættur og hindranir á flutningsleiðum	5
Var skráning bjarga með viðeigandi hætti	4
Var móttaka bjarga með viðeigandi hætti	4
Var skipulag á MÓT með viðeigandi hætti	5
Var biðsvæði bjarga notað með viðeigandi hætti	4
Var aðbúnaður og aðföng með viðeigandi hætti	5
Var skipulag flutninga með viðeigandi hætti	3

4.2.8 Gæslustjóri

Ekki barst rýni fyrir störf gæslustjóra.

4.2.9 Leikarar og förðun

VBA; Eitthvað klikkaði varðandi morgunmat fyrir leikara fyrir æfingu, en var reddað á síðustu stundu með kleinum, drykk og kexi. Frábær tengiliður heimamanna, búið að redda öllu sem skipti máli, held að þetta með morgunmatinn hafi verið misskilningur á milli aðila.


Verkpáttur	Markmiðum náð 1-5 þar sem 5 er öllum markmiðum náð.
Var tengiliður heimamanna í góðu sambandi við umsjónarmann leikara	5
Náðist að manna leikarastöður	5
Var aðbúnaður leikara góður (aðstaða, matur, etc.)	4
Voru þolendur/leikarar tilbúnir á tilsettum tíma	4
Var öryggi þolenda/leikara tryggt á vettvangi af björgunaraðilum	5
Hvernig var fylgst með líðan þolenda/leikenda á slysstað	5
Hvernig var fylgst með líðan þolenda/leikenda á söfnunarsvæði slasaðra (SSS)	4
Hvernig var fylgst með líðan þolenda/leikenda í flutningi	5
Hvernig var fylgst með líðan þolenda/leikenda í fjöldahjálparstöð (FH)	5
Hvernig var fylgst með líðan þolenda/leikenda á HSU Hornafirði	5
Hvernig var fylgst með líðan þolenda/leikenda á endastöð (skóli)	5

4.2.9.1 Könnun meðal leikara

Könnun var gerð á því hvernig leikurum fannst til takast, alls svöruðu 9 leikarar.


Hvernig fannst þér undirbúningsfundurinn fyrir leikara?

Answered: 9 Skipped: 0




Hvernig fannst þér æfingin ganga?

Answered: 9 Skipped: 0




Fundust allir áverkar?

Answered: 9 Skipped: 0




Hvernig fannst þér tímalengd æfingarinnar?

Answered: 8 Skipped: 1



Hvernig fannst þér fylgst með liðan þinni:

Answered: 9 Skipped: 0



Hvað fannst þér ganga sérstaklega vel á æfingunni?

- Hvað allt tók stuttan tíma svo æfingin leið hratt á meðan við vorum úti í kuldanum.
- Viðbragðstími björgunaraðila var góður og forgangsröðun sjúklinga.
- Flutningar.
- Að bjarga fólkinu.
- Flutningurinn á flugbrautinni og flugstöðinni og bara svona eiginlega allt.

Er eitthvað sem hefði mátt ganga betur á æfingunni?

- Eftirfylgni og hraða athugun hjá rauðu/gulu fannst mér ekki nægjanlegt.
- Hefði viljað vita hvort við áttum að vera allan tímann í ýktum hlutverkum þegar við vorum komin á móttökustað slasaðra, en voru sett í „pásu“ þar til skoðun fór fram. Fannst eins og sumir viðbragðsaðilar vissu ekki hvar átti að leggja frá sér sjúkling sem kom inn á börum og ég var lengi sett á stað hjá gulum eða rauðum þó ég hafi verið græn. Kannski skipuleggja staðinn fyrir litaskiptingu betur.
- Mér fannst margir ekki taka æfinguna alvarlega og var einnig skortur á samhæfingu og skipulagningu.
- Nei.
- Nei, ekkert.
- Ekki talað nógu mikið við mig á slysstað til að útskýra störf viðbragðsaðila.


4.3 Rafræn rýni fyrir þátttakendur æfingar

Lærdómsatriði eru ekki síuð og koma hér fyrir eins og skilað var inn í rýni, með því er tryggt að allar raddir fái að heyrast, það eina sem hefur verið gert við textann er að stafsetning hefur verið löguð og svör sem merkja ekkert í rýni hafa verið tekin út svo sem „ekkert“, „hef ekki skoðun“ o.s.frv.

Alls tóku 18 aðilar þátt í rýni en það hefðu gjarnan fleiri mátt svara. Svör bárust frá flestum viðbragðsaðilum en fáir frá hverjum aðila fyrir utan Rauða krossinn.

Hvaða úrlausnaraðila tilheyrir þú?

Answered: 18 Skipped: 0



4.3.1 Það sem vel var gert

4.3.1.1 Undirbúningur æfingar

Rýnipunktur	Eigandi
Það gekk flest vel	Allir
Dagskráin var mjög nákvæm og skipulögð og þess vegna góð fyrir æfinguna.	Æfingastjórn
Það var tekið vel við hugmyndum okkar að tvískipta æfingunni og færa yfir á heilsugæsluna - að æfa móttöku og áverkameta slasaða. Fengum góða kennslu og undirbúning í björgunarsveitahúsinu á þriðjudeginum vikunni á undan.	Æfingastjórn
miðað við að ég var búinn að vera slökkviliðsstjóri í 3 daga gekk ágætlega að samstillta hópinn hjá mér miðað við að vera með 5 nýliða sem eftir eiga að fara í gegnum þjálfunarprógramm slökkviliðsins ásamt námi.	Slökkvilið
Hittumst daginn áður og fórum yfir helstu atriði , fólk gat spurt og fengið svör við því sem því lá mest á hjarta. Við gátum viðrað okkar á milli hvað við vorum mest örugg með.	-
Tel að allt hafi gengið vel í undirbúningnum, fínir fyrirlestrar, og allt var nokkuð skýrt fyrir æfinguna.	Æfingastjórn
Tel samstarf tengiliðs við æfingastjóra og -stjórn hafa gengið vel í undirbúningi.	Æfingastjórn
Gott undirbúningsnámskeið fyrir aðgerðarstjórn og góð skrifborðsæfing.	Almannavarnir Isavia
Æfingin var mjög vel skipulögð, sem sást vel á því hversu vel hún gekk fyrir sig.	Æfingastjórn
Undirbúningur var vel skipulagður og tímanlegur.	Æfingastjórn
Mjög ánægður með æfinguna í heild sinni.	Æfingastjórn
Upplýsingaflæði var mjög gott fyrir æfinguna.	Æfingastjórn Ráðgjafar
Allt eftir því sem ég best veit	Allir
Nánast allt gekk mjög vel. Kom að þessu í fyrsta skipti sem stjórnandi og hef ekki áður fylgst með undirbúningnum frá a-ö. Lærði mikið af því.	Allir

4.3.1.2 Framkvæmd/úrlausn æfingar

Rýnipunktur	Eigandi
Allt gekk vel	Allir

Æfingin gekk vel frá mínu sjónarhorni það sem ég átti að gera að ég held (Örugglega ekki fullkomið). Maður er eins og Litla gula hænán einn í byrjun en frábært þegar hjálpin kom.	Isavia
Bráðaflokkunin gekk vel. Talning í bráðaflokkun stóðst. Samvinna á vettvangi var góð. Vel gekk að flytja slasaða á SSS. Má þar meðal nefna samvinnan á milli slökkviliðs og sjúkraflutningamanna. Úrvinnsla og meðferð gekk mjög vel á heilsugæslu. Viðbragð gæslustjóra í að senda vaktmann og talningaraðila skjótt og gekk vel. Mikilvægt að allir sem koma að aðgerðinni hafi aðgang að aðgerðargrunni eins og var heimilað fyrir heilsugæsluna. Það bætti upplýsingagjöfina og yfirsýn til mikilla muna fyrir viðbragðsstjórn á heilsugæslu. Það var gott að fá hugmynd um hver þolmörk heilsugæslunnar eru í álíka aðstæðum.	Heilbrigðisstofnun Björgunarsveitir
Aðgerðir frá forgangsbíl 1, gekk notkun á búnaði gekk vel, björgun úr flaki og röri var vel sett upp og krefjandi, ánægður með það.	Slökkvilið
Stjórnandi á fjöldahjálparmiðstöðinni var fljót að úthluta verkefnum og sjálfboðaliðar voru fljótir að koma sér í þau verkefni sem þeim var úthlutað.	Rauði krossinn
Það gekk vel að koma grænum í burtu af vettvang og inn á SSS þannig vinnufriður var til að vinna í gulum og rauðum og undirbúa þá fyrir flutning. Akstur á flugbrautinni var til fyrirmyndar. Flest held ég að hafi gengið vel á öllu því sem tengdist verkefnum á flugbrautinni að því sem ég sá. Fjarskipti gengu bara vel fyrir sig þó svo að þau hafi verið að mestu keyrð á einum talhóp.	Allir
Frá mínu sjónarhorni séð gekk æfingin í heild sinni mjög vel fyrir sig. Einingar voru skilvirkar, allir unnu vel saman og björgun 43 einstaklinga gekk virkilega hratt fyrir sig.	Allir
Sem þátttakandi í fyrsta skipti fannst mér æfinginn ganga almennt vel.	Allir
Mér fannst allt ganga frekar vel, fyrir utan nokkra smá hluti sem voru aðallega æfingalegs eðlis.	Allir
Æfing gekk í heild sinni mjög vel miðað við fjölda slasaðra.	Allir
Í heildina gekk æfingin bara mjög vel frá okkar sjónarhorni hérna inni í flugstöðinni.	Allir
Ég var í opnun fjöldahjálparstöðvar, sem gekk vel. Var því ekki á slysavettvanginum og sá þ.a.l. enga annmarka þar. Ég var með hlustun á blár-8-0. Það var gagnlegt, ég nota tetra sjaldan og myndi gjarnan vilja fá meiri æfingu með tetra.	Rauði krossinn
Lærði helling og fannst mjög flott hvað allt þetta teymi vinnur vel saman.	Allir
Flest gekk vel. Fylgdumst vel með svo við vorum tilbúin þegar á þurfti að halda teljum við. Allir á tánum. Skráning gekk vel. Reyndi ekki mikið á viðbragðshópinn þar sem æfingin var stöðvuð vegna alvöru útkalla.	Allir

Æfingin gekk almennt vel, allir nokkuð vel inn í sínum þætti og skildu hlutverk sitt. Vissir á skiptingu milli VST-AST-SST	Allir
--	-------

4.3.2 Það sem betur hefði mátt fara

4.3.2.1 Það sem betur mátti fara í undirbúningi æfingarinnar

Rýnipunktur	Eigandi
Við hefðum þurft að vera betur undirbúin undir tölvuinnskráningu og hvernig við vinnum í aðgerðargrunni	Lögregla Björgunarsveitir Rauði krossinn
Undirbúningurinn var bara heilt yfir góður, eins og alltaf lærir maður sem betur fer eitthvað.	Allir
Dagskrá hefði mátt liggja fyrir fyrr. Þeir sem voru óvanir voru óvissir um hvað af undirbúningnum myndi nýtast þeim og nýttu sér iðulega ekki.	Æfingastjórn
Búnaður kringum léttvatn slökkviliðsins er óviðunandi, og þjálfun með jektor að kaststút frá tankbifreið ekki nægjanleg.	Slökkvilið
Hefði viljað hafa betur á hreinu hvernig samskipti með talstöðvarnar ætti að vera.	Viðbragðsaðilar
Upplifði að mig vantaði upplýsingar um í hvaða hlutverki ég ætti að vera, upplifði ekki að ég væri hluti af teymi í þessum undirbúningi, var óljóst til hvers væri ætlast af mér, vantaði upp á samtali við aðra stjórnendur á heilbrigðisstofnun en ég er hópstjóri á hjúkrunardeild og þetta mín fyrsta æfing. Ákveðið daginn fyrir æfingu að ég færi á vettvang sem hjfr en væri ekki á heilsugæslustöð í viðbragðsteymi þar. N.b. fannst mjög lærdómsríkt að fara á vettvang.	Heilbrigðisstofnun
Held að allt hafi bara gegnið þokkalega í undirbúningunum	Allir
Hef engar ábendingar	-
Ég var ekki komin með neinn aðgang að þessum Bjarggrunni og hafði aldrei séð fyrr. Hefði verið til í að geta lesið yfir punkta hvers hóps hvað hver og einn hópur gerir/sér um.	Viðbragðsaðilar
Held ekki neitt.	-
Undirbúningur var góður, ekkert sérstakt sem benda má á.	Æfingastjórn
Það hefði mátt vera meiri fræðsla til allra. Líka almennra þátttakenda.	Æfingastjórn
Var ekki með í undirbúningi kom inní.	-
Hefði mátt hafa fundi fyrir starfsmenn ISAVIA færri, þeir eru að vinna 12 miðvikud, fimmtud og föstudag fyrir æfingu. Það er frekar mikið og vera svo líka á fundum yfir daginn og eftir vinnu á kvöldin.	Isavia

Veit ekki hvað hefði mátt fara betur þar sem undirbúningurinn var mjög góður.	Æfingastjórn
---	--------------

4.3.2.2 Það sem betur mátti fara á æfingunni

Rýnipunktur	Eigandi
Skráning og vinna í aðgerðargrunni	Viðbragðsaðilar
Ég er ekki viss en ég held að allir viti nánast hvað á að gera þegar svona kemur uppá. Æfingin skapar meistarann eins og alltaf.	Allir
Björgunarstjóri missti fljótt yfirsýn á vettvangi sem meðal annars varð til þess, að bjargir deildust illa niður á þolendur. Aðgerðarstjórn virtist ekki hafa fullan skilning á SÁBF kerfinu og flugslysaáætlun / viðbragðsáætlun. AST virtist ekki þekkja sitt hlutverk. Tetrasamband er slæmt inn á flugstöð - á SSS.	Slökkvilið Aðgerðastjórn
Samskipti á milli slökkviliðsmanna var ábótavant, fjölga þarf tetrastöðvum. Verklag á milli 8.05 var 8.00 ekki að skila sér	Slökkvilið
Það var smá "kaotískt" í upphafi úti á flugvelli en virtist svo jafna sig. Ég get ekki sett puttann á neitt sem skar sig úr nema að "slasað" fólk var ekki allt sett á þann stað sem það hefði átt að vera eins og t.d. flugmaðurinn hefði etv. átt að vera strax einangraður frá öðrum og með einhvern hjá sér.	Viðbragðsaðilar á SSS
Það kom smá los á skipulagið í lokin varðandi flutning síðustu sjúklinganna sem voru eftir.	Æfingastjórn
Mér fannst Björgunarstjóri ekki vera að nýta flutningstækin við að flytja gula og rauða af vettvangi þó var hann að spyrja um flutningstæki til að flytja og var honum tjáð að hann væri með tvo bíla sem gætu flutt liggjandi en þeir voru ekki nýttir fyrr en annar þeirra alveg í lokin. Aðhlyningarstjórinn fannst mér ekki vera nógu vel tengd inn í æfinguna, erfiðlega gekk að ná sambandi við hana í talstöð og þurfti að fara til hennar að fá upplýsingar og koma til hennar upplýsingum og stundum fannst mér eins og hún hunsaði spurningar sem komu til hennar. Þegar flutt var frá flugstöð á heilsugæslu fannst ég lítið fá að vita hvaða flutningstæki væri að fara og með hvað marga, skýrðist það kannski þar sem farið var með sjúklinga út um inngangsdyr á flugstöðinni, mér finnst að sú hurð hefði átt að vera lokuð og sjúklingar færu út um sömu hurð þeir komu inn, það tel ég að hefði minnkað þennan rugling sem var á tímabili. Heilsugæslan þarf eitthvað að fara skoða sín talstöðvarmál, áttu ekki talstöðvar fyrir allt sitt fólk sem þurfti að vera með talstöð. Annað sem ég tók eftir var að bjargir voru sendar á staðinn eftir að björgunarstjóri sagði að það væri búið að slökkva elda en þá hafi ennþá verið reykur yfir öllu, velti fyrir mér hvort svæðið hafi verið orðið öruggt. Man ekki meira eins og staðan er núna.	Slökkvilið Flutningsstjóri Aðhlyningarstjóri Heilbrigðisstofnun
Samspil milli SST og AST hefði getað verið skýrara en virtist upplýsingaflæði ábótavant á köflum. Styrkja þarf við starf flutningsstjóra með aukamannskap og bæta fjarskipti hjá Slökkviliði og aðhlyningarstjóra, þar sem tryggt sé að Tetra og heyrartól séu til staðar.	Samhæfingarstöð Aðgerðastjórn Flutningastjóri Slökkvilið Aðhlyningarstjóri

Er ánægður með æfinguna í heild sinni, en víst ég þarf að finna eitthvað, þá myndi ég segja að þegar við komum á slyssað til þess að aðstoða, þá var engin til þess að segja mér hvar ég mætti aðstoða.	Björgunarstjóri
Slökkvilið þar fleiri tetra til að geta heyrt samskiptin.	Slökkvilið
Aðhlyningarstjóri og aðstoðaraðhlyningarstjóri þurfa að vera með fjarskiptabúnað í eyra.	Heilbrigðisstofnun
Nota ætti björgunarsveitabíla einnig í flutning.	Viðbragðsaðilar
Ákvarðanir þurfa að vera skýrari á milli AST og SST, þarf að koma skýrar frá AST.	Aðgerðastjórn Samhæfingarstjórn
Vantar betri upplýsingar frá AST í VST um sjúklinga, VST heyrir ekki í talhóp Blár 8-5 og því ættu upplýsingar að berast frá AST til VST en AST á ekki að spyrja VST um slíkt því þær upplýsingar liggja ekki fyrir þar.	Vettvangsstjórn Aðgerðastjórn
Nýta RKÍ og slysavarnadeildir í aðstoð á SSS og heilsugæslu, mannlegi þátturinn skiptir einnig máli ekki bara áverkar.	Rauði krossinn Heilbrigðisstofnun Slysavarnadeildir
Það sem hefði mátt fara betur að okkar mati var aðallega samskiptaleysi á meðan æfingunni stóð og hnökrar sem sköpuðust vegna fyrirkomulagsins á þessari æfingu sem var algjörlega nýtt. Í okkar hluta voru aðeins "tæki og tól" sem þarf að endurnýja og/eða laga og er það komið í ferli. Svo sem tröppur og endurhönnun á skilta fyrirkomulagi á SSL og SSS.	Flugrekandi Isavia
Var færð of fljótt af grænu svæði í útskráningu sjúklinga. Hefði verið hægt að nota okkur lengur á græna svæðinu, þegar ekki var tilbúið að skrá út hvert fólk ætti að fara.	Aðhlyningarstjóri
Slökkvibíll ISAVIA var ekki að gera mönnum neinn greiða hægur og óhentugur í alla staði fyrir flugvallarslökkvilið.	Isavia
Tölvumálin hefðu mátt vera betri, lærðum vönandi á því. Hefðum átt að leita aðstoðar suður vegna þeirra.	Æfingastjórn
Fjarskipti að hluta. Tenging við aðhlyningarstjóra voru ekki í lagi að hluta.	Aðhlyningarstjóri
Biðsvæði bjarga hefði mátt vera fært skv. vindátt.	Flutningastjóri

4.3.3 Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram að lokum?

Rýnipunktur	Eigandi
Elva og Friðfinnur takk fyrir mig, góða leiðsögn og hjálp (Litla gula hænan í turninum).	Isavia
Mikilvægt að skipulag æfingunnar sé skýrt áður en farið er af stað.	Æfingastjórn
Mér finnst eins og við séum alltaf að stökkva út í djúpu laugina með þessar æfingar, það er settur upp vettvangur sem við eigum að leysa, mér finnst vanta fleiri æfingar og fræðslu, það er eitthvað sem slökkviliðið þarf að skoða betur.	Slökkvilið
Ég var nýbúin að vera á námskeiði um opnun fjöldahjálparstöðva og í áfallahjálpar og hjálpaði þessi æfing mikið til í þess að sjá hvernig hlutirnir	

ganga fyrir sig og hvernig allir viðbragðsaðilar vinna saman. Mjög gagnlegt !	Rauði krossinn
Fannst sjúkraliðar stofnunar vannýttur auður á þessari æfingu og hefðum við mögulega þurft að hvetja þá til að mæta á æfinguna. Mikið lærdómsferli sem á sér stað á æfingu sem þessari og synd að ekki fleiri heilbrigðisstarfsmenn nýttu sér það. Einnig var ég hugsí yfir því að sjúkraliði innan stofnunar hefði ekki verið í hlutverki aðstoðarmanns aðhlyningarstjóra. Ég saknaði þeirra mikið og þeir hefðu komið að miklum notum þarna í áverkamatinu og aðhlyningu á slösuðum.	Heilbrigðisstofnun Aðhlyningarstjóri
Í heildina litið gekk æfingin vel og myndaðist aðal ruglingurinn í lokin þegar tvistið kom í æfinguna að flytja sjúklinga á heilsugæslu frá flugstöð sem hefur ekki áður verið gert á svona æfingu og það er kannski ástæðan fyrir því að þetta klikkaði aðeins/gekk ekki alveg eins smurt eins og á flugbrautinni.	Æfingastjórn
Þakka kærlega fyrir góða æfingu.	Allir
Takk fyrir gott skipulag og góða æfingu!	Æfingastjórn Allir
Á þessu svæði starfa margir viðbragðsaðilar saman, vegna fjölda útkalla höfum við þjálfast í samhæfingu. Engu að síður er mjög gagnlegt að fá æfingar á borð við þessa.	Allir
Mjög áhugavert, góð æfing.	Allir
Erum ánægð með æfinguna og teljum þær mjög gagnlegar.	Allir
Þakka fyrir góða æfingu.	Allir

4.3.3.1 Einkunn æfingar

Meðaleinkunn um gagnsemi æfingarinnar er 9,12 af 10.